

Mánudaginn 9. desember 1912.

Nr. 13/1912: Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps
 gegn
 C. D. Tulinius Efterfølger.

D ó m u r :

Hanstið 1909 lagði áfrýjandinn, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, aukauktisvar, að upphæð 300 kr., á síldarveiðafélag Tuliniusar á Eskifirði, það er síldveiðafélag hins stefnda C. D. Tulinius Efterfølger, og er svo að orði komist, að aukauktisvarið »sé lagt á síld, sem hinn stefndi veiddi með nótt fyrir landi Reyðarfjarðarhrepps«. Hinn stefndi greiddi eigi aukauktisvarið, og krafðist þá hreppsnefndin þess, hinn 21. okt. 1910, að gjaldið yrði tekið lögtaki. Var síðan fógætaréttur Suður-Múlasýslu settur og haldinn í útsvarsmáli þessu hinn 12. janúar 1911, en þá vék hinn reglulegi fógæti úr sæti í réttinum, og var úrskurður eigi kveðinn upp um málið fyr en 20. nóvbrm. f. á., af settum fógæta, og með þeim úrslitum, að kröfu hreppsnefndarinnar var hrundið og lögtakið fékk eigi framgang. Þessum fógætaréttarúrskurði hefir hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. apríl þ. á., og hefir hún til þess fengið gjafsókn og skipaðan málafærslumann; hefir hann fyrir hreppsnefndarinnar hönd gert þær réttarkröfur, að fógætaréttarúrskurðurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að fógætiinn verði dæmdur til að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin ómakslaun til málafærslumannsins. Á hinn bóginn

hefir þess verið krafist af hálfu stefnda, C. D. Tulinius Efturfölger, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, eða eftir mati réttarins.

Það er sannað í málinu, og játað af stefnda, að hann hafi sumarið 1909 veitt síld fyrir landi nokkurra jarða í Reyðarfjarðarhreppi, með því að kasta síldarnót fyrir landi þessara jarða, króa þar fyrir síldina og draga nótina þar að landi, enda látið síldina standa þar í nótinni skemmri eða lengri tíma, unz hún var sótt eða henni ráðstafað á annan hátt. Þó að það sé nú rétt, sem stefndi hefir borið fram, að ekkert af þessari síld hafi verið flutt á land í Reyðarfjarðarhreppi, og að veiðin að öllu leyti hafi verið rekin frá Eskifirði, þá verður þó að líta svo á, eftir því, sem skýrt er frá að framan, að stefndi hafi rekið síldarveiði með nót, sem fyrirtæki eða atvinnu í Reyðarfjarðarhreppi sumarið 1909, og var þá áfrýjanda heimilt að leggja útsvar til hrepps á hann nefnt ár, sjá lög nr. 43, 10. nóvbr. 1905, 36 gr. 2. másl. Það verður því að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi, og leggja fyrir fógötann að framkvæma eða láta framkvæma hjá stefnda lögtak fyrir áminstu aukaútsvari. Svo verður stefndi eftir þessum úrslitum að greiða málafærslukaup til hins skipaða málfærslumanns hreppsnefndarinnar fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 krónur, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður. — Það vottast að sókn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn skal úr gildi feldur, og

ber fógætanum í Suður-Múlasýslu að framkvæma, eða láta framkvæma lögtak hjá stefnda C. D. Tulinius Eftirfølger fyrir aukautsvari til Reyðarfjarðarhrepps frá árinu 1909 að upphæð 300 kr. Stefndi greiði málfutningskaup til hins skipaða málfærslumanns áfryjanda, Odds yfirréttarmálfutningsmanns Gíslasonar, 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagri aðför að lögum.

Nr. 14/1912:

Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps
 gegn
 Torger og Fridrik Clausen.

D ó m u r :

Haustið 1909 lagði hreppsnefndin í Reyðarfjarðarhreppi aukautsvar á »sild, er menn nokkrir veiddu með nót fyrir landi hreppsins« þá um sumarið, þar á meðal 200 kr. aukautsvar á stauranótafélag í Hólmaþót, er hinir stefndu Torger og Fridrik Clausen áttu eða veittu forstöðu. Hinir stefndu neituðu að greiða útsvarið með því að heimili þeirra og allur atvinnurekstur væri í Eskifjarðarhreppi, og krafðist þá hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps þess með bréfi 25. okt. 1910, að það væri tekið lögtaki. Kom málið fyrir fógætarétt Suður-Múlasýslu 12. jan. 1911, en þá vék hinn reglulegi fógæti sæti í réttinum. Var síðan málið tekið fyrir af settum fógæta 5. desbr. 1911, og úrskurður kveðinn upp í því 30. s. m. á þá leið, að kröfu